

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 2 6.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1926.

S k ó g a r h ö g g:

í vaglaskógi var höggið á árinu:

Eldiviður o.fl.	418	hestburðir	
Birgðir f. f. ári	<u>145</u>	"	<u>563</u> hestb.
Flutt til R.vík	51	1/2 "	
Selt úr skógi	45	1/2 "	
Til endurbóta á girð.	12	"	
Eldiv. skógarv.	175	"	
Leyft högg (eldiv.)	<u>177</u>	""	<u>461</u> "
Fyrirliggjandi 31/12			<u>102</u> "

Af þeim 418 hestb. sem höggnir voru, voru 28 hestb. efniv., raftar og tróð, og 390 hestb. eldiv.

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent varvúr reitnum:	
Birki	534 stk.
Reynir	115 -
Lerki	10 -
Viðikurl	<u>150</u> -
Samt.	<u>809</u> -

Er einlægt fremur lítið um reyniviðarplöntur, sem hægt er að selja, en birkiplönturnar fara flestar að verða of stórar til umplöntunar. Lerkiplöntur eru engar til, en þó er alltaf töluverð eftirsprung eftir þeim. Nú vónast Norðmenn eftir að geta fengið eitthvað lítilsháttar af siberisku lerkifræi á þessu ári frá Síberíu gegn um rússnesku stjórnina, og er ekki óliklegt að fleiri gætu fengið eitthvað ef eftir því væri leitað.

Ý m i s l e g t:

Í haust var safnað í skóginum um 68 kg. af birkifræi. Þar af voru 32 kg. send skógrækstarstjóra í haust, 10 kg. seld hér, 5 kg. brúkuð hér heima, en rún 20 kg. eru til óráðstöfuð um áramótin. Fræ var mjög mikið á skóginum í haust, og að því er virðist gott. Skógurinn tók góðum framförum í sumar.

Eins og ég gat um í skýrslu minni í fyrravvetur, hljóp snjóflóð á suðausturhorn girðingarinnar um skógin, í fyrravetur um jólaleitið, tók það 30 staurar af austurkantinum frá girðingarhorninu norður að Grænum. Og 20 staurar af suður kanti frá girðingarhorni og niður eftir. Varð að reisa girðinguna á þessum stað alveg eins og að nýju í vor, auk þess var bætt mörg-

um staurum nýjum í girðanguna hér og þar, því nú eru gömlu staurarnir mjög farnir að fúna. Enn fremur var brggðið þrem höftum af sléttum vír milli hverra stólpa, þversum á alla girðingarþræðina á allri suðurhliðinni, neðan frá Fnjóská upp undir horn. Hefta þessi þverbond allra þræðina svo, að þeir haldast með jöfnu millibili, enda þótt þeir losni af stólpum. Við þetta gerir suðurkanturinn mikið betri vörslu en hefir verið fyrifarandi ár.

Eins og fyrrfarandi ár, hefi ég gert nokkra steinsteypu-stólpa á bessu ári, sem settir hafa verið í girðinguna í stað ónýtra trústaurar.

F e r ð a l ö g:

Til Akureyrar fór ég 21. maí til þess að sjá um sending á plöntum, og afhenda plöntur sem pantar höfðu verið hjá mér af ýmsum þar á staðnum, jafnframt leiðbeindi ég um gróðursetning þeirra og meðferð. Var ég tvö daga í þeirri ferð.

Hinn 27. júní fár ég austur að Ytra-Fjalli í Aðaldal, til þess að segja fyrir um uppsetningu á girðingu Þar, og þjálpa til við að koma henni upp. Var ég fjóra daga í þeirri ferð.

Þá fór ég 9. ágúst út að Garði til þess að líta eftir girðingu Þar, en Páll bóndi Jónsson í Garði gerði við hana fyrir mig í vor.

Július bóndi Ólafsson, í Hólshúsum gerði við girðinguna um reitinn hjá Grund, hitti ég hann á Akureyri í summar, og eftir skýrslu hans áleit ég enga þörf að fara þangað í haust.

Virðingarfyllst ,

Vöglum 7. jan. 1927.

Stefán Kristjánsson.